

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella

Ársfundur 2022 v. 2021

Fundargerð

Fundarstaður : Stracta Hótel, Hellu.

Fundartími : Þriðjudagur 17. maí 2022, kl. 20.15.

Guðrún Elín Pálsdóttir, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Rangæinga, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn formlega. Bar upp tillögu þess efnis að Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri tæki að sér að stjórna fundinum og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Mætt: Guðrún Elín Pálsdóttir formaður stjórnar, Guðmundur Svavarsson stjórnarmaður, Heimir Hafsteinsson stjórnarmaður, Margrét Ísólfsdóttir stjórnarmaður, Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Kristján Pálmason, Árni Baldursson, Sigurjón Eiríksson, Hilmar Harðarson, Drífa Hjartardóttir, Írena Sif Kjartansdóttir, Jóhann Óskar Haraldsson endurskoðandi, Haraldur Y. Pétursson og Unnur Elín Jónsdóttir.

Gengið til dagskrár. Þröstur Sigurðsson stýrði fundi.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar.

Lífeyrissjóður Rangæinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Lífeyrissjóðurinn var stofnaður 12. janúar 1971.

Hrein eign sjóðsins í árslok 2021 til greiðslu lífeyris nam rúmlega 18,9 milljörðum kr. og hækkaði frá fyrra ári um tæplega 2,7 milljarða kr. eða um 16,5%.

Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2021 var 11.542. Alls greiddu að meðaltali 1.051 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu en var að meðaltali 1.028 árið 2020.

Iðgjöld á árinu 2021 námu alls um 863,5 millj.kr. og hækkuðu um 10,7% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins námu um 377,5 millj.kr., sem er 6,2% aukning frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 857 árinu en voru 835 árið 2020.

Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2021 var 8,06% samanborið við 7,08% raunávöxtun 2020 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á undanförunum árum og eru nú 25,68% af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haldið sig við áður markaða stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni með jöfnum skrefum.

Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2021 og er niðurstaðan sú að innra eftirliti sjóðsins er gott í meginatriðum varðandi þá þætti sem komu til skoðunar.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2021 liggur fyrir. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnar nokkuð á milli ára. Forsendur eru mikið breyttar frá fyrra ári. Miðað er við nýjar dánar- og eftir lifendatöflur sem gefnar eru út af Fjármála- og efnahagsráðherra að fengnu álitu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Ljóst er að hækkandi lífaldur sjóðfélaga hefur í för með sér að greiða þarf lífeyri í lengri tíma en áður var gert ráð fyrir, lífeyrisskuldbinding er því vaxandi miðað við þessar nýju forsendur og munar þar mest um aukna réttindaöflun þegar til framtíðar er litið. Góð ávöxtun á árinu hjálpar en breytingar á forsendum eru það miklar að grípa þarf til leiðréttinga á réttindatöflum.

Árið 2021 var almennt gott fyrir sjóðinn. Markaðir hafa verið hagfelldir og ávöxtun ársins mjög góð.

Almenn starfsemi sjóðsins hefur gengið vel. Stjórnin fundaði alls 14 sinnum á árinu og fulltrúaráð 2 sinnum. Þjónusta við viðskiptavinum sjóðsins hefur verið tiltölulega órofin á tímabilinu og með hefðbundnu sniði.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram ársreikning ársins 2021 og Jóhann Óskar Haraldsson frá Deloitte kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður eru í þús. Kr. :

Iðgjöld	863.516
Lífeyrir	377.542
Fjárfestingartekjur	2.261.217
Fjárfestingargjöld	65.950
Rekstrarkostnaður	38.479
Breyting á hreinni eign á árinu	2.681.241
Hrein eign frá fyrra ári	16.268.549
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	18.949.790

Jóhann Óskar Haraldsson kynnti ársreikning 2021 og skýrslu endurskoðanda, hrein raunávöxtun hækkar á milli ára og er um 8,06% á árinu 2020 samanborið við 7,08% árið áður. Hækkun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris á árinu er 2.681 millj. kr. og í árslok 2021 er hrein eign til greiðslu lífeyris 18.949,8 millj. kr. Raunhækkun hreinnar eignar á árinu er 9,31% og hækkar milli ára um 0,55% sem skýrist að mestu af meiri verðbólgu í ár en í fyrra, en verðbólgan nam 4,84% árinu 2021 en 3,49% á árinu 2020 ásamt því að ávöxtun ársins 2021 var heldur hærri en árið á undan.

Iðgjaldaliðir hækkðu um 83,3 milljónir kr. milli ára eða um 10,7%. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 1051, og fjölgaði um 23 eða 2,2% sem hefur áhrif á hækkun iðgjalda. Einnig hefur áhrif að launavísitala hækkaði á milli ára.

Meðalfjöldi virkra lífeyrisþega var 857 á árinu 2021 samanborið við 835 lífeyrisþega á árinu 2020 sem er 2,7% fjölgun. Liðurinn hækkar í takt við fjölda lífeyrisþega þegar tekið er tillit til hærri launavísitölu.

Fjárfestingartekjur hækka um 637,6 milljón kr. milli ára eða um 38,5%. Munar þar mestu um gengismun og betri ávöxtun á eignarhlutum í félögum og sjóðum. Fjárfestingagjöld hækka um 12,6% á milli ára. Stærsti hluti fjárfestingagjalda er umsýsluþóknun sem sjóðurinn greiðir til Arion banka en 40% af umsýsluþóknun er færð meðal fjárfestingagjalda, önnur fjárfestingagjöld eru óveruleg. Rekstrarkostnaður hækkar á milli ára um 5,9 milljónir eða 9,9%. 60% af umsýsluþóknun sem greidd er til Arion banka er flokkuð meðal rekstrarkostnaðar.

Hækkunina má einnig rekja til hærri kostnaður vegna launa stjórnarmanna og þóknana til tryggingastærðfræðings.

Bankainnstæður sem eru flokkaðar meðal fjárfestinga hækka um tæpar 12,8 milljónir kr. á milli ára eða 5%. Handbært fé breytist mikið milli ára eftir innlausn eigna og þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðnum til boða hverju sinni. Ráðstöfunarfé til fjárfestinga jókst meira en fjárfestingar ársins og sökum þess hækkar handbært fé sjóðsins. Inngreiðslur hækka um 9,2% á árinu 2021 en var í mínus -10,8% á 2020. Breytinguna á inngreiðslum má einkum rekja til fjölgunar sjóðfélaga. Útgreiðslur aukast um 8% á árinu 2021, breytinguna á útgreiðslu má rekja meðal annars til fjölgunar lífeyrisþega og hækkunar á umsýslukostnaði.

Varðandi fjárfestingahreyfingar þá hefur sjóðurinn verið að fjárfesta meira á árinu en hann hefur selt. Keypt var fyrir 3,7 milljarð króna en selt fyrir 2,9 milljarða króna. Þegar tekið hefur verið tilliti afborgana og vaxta skuldabréfa og inn greiddra tekna eignarhluta þá eru útgreiðslur vegna fjárfestinga um 126 milljónir. Þar sem fjárfestingarhreyfingar ársins eru lægri en ráðstöfunarfé til fjárfestinga á árinu skilar það sér í hækkun á handbæru fé í árslok.

Engar athugasemdir gerðar við þennan lið.

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Rangæinga var borinn upp og samþykktur samhljóða.

Ávöxtun og þróun markaða 2021

Haraldur Yngvi Pétursson fór yfir þróun markaða á árinu 2021 samanborið við 2020. Hann sagði þetta hafi verið gott ár á mörkuðum líkt og árið á undan, 2020. Haraldur fór yfir ávöxtun 2021, nafnávöxtun 13,3% og raunávöxtun 8,1%. Innlend skuldabréf og hlutabréf sjóðsins gáfu mestan hluta ávöxtunarinnar. Meðalávöxtun sl. 25 ár var 3,8%. Haraldur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, fjárfestingastefna sjóðsins er enn tiltölulega varfærin. Haraldur fór yfir 5 stærstu eignir sjóðsins og sundurliðun á innlendum hlutabréfum.

Haraldur fór yfir markaðinn það sem af var ári 2022. Markaðir hafa verið erfiðir, -4,4% raunávöxtun frá áramótum.

Spurt var er eitthvað verið að auka fjárfestingar erlendis? Já sagði Haraldur, það var tekin ákvörðun í fjárfestingarstefnu um að auka hlutfall í erlendum eignum, en sjóðurinn tók ekki þau skref strax en það var meðvituð ákvörðun því álitid var að krónan ætti eftir að styrkjast.

Spurt var um eignir inn í SÍA III, Haraldur sagði frá helstu eignum.

Ekki komu fram fleiri spurningar eftir kynningu og yfirferð Haraldar.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Þróstur Sigurðsson lagði fram úttekt Bjarna Guðmundssonar tryggingafræðings sjóðsins fyrir árið 2021. Fór yfir almennar forsendur tryggingafræðilegrar úttektar og forsendur útreiknings og niðurstöður ársins fyrir sjóðinn. Úttektin nú tekur mið af breyttum forsendum miðað við fyrri ár. Fjármálaráðuneytið auglýsti í lok árs 2021 að Lífeyrissjóðum bæri að taka mið af reiknilíkani Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun aldursbundinnar dánartíðni þegar horft er til framtíðar. Líkanið var sett fram árið 2020 og er byggt á þeim breytingum sem urðu á aldursbundinni dánartíðni árin 1999 – 2018. Það var síðan val Lífeyrissjóða hvort líkanið yrði tekið upp strax eða vegna 2022 eða 2023. Sem sagt möguleiki á að fresta því að taka upp þessa breytingu. Það var ákvörðun stjórnar að taka strax upp hinar nýju forsendur í ljósi góðrar stöðu sjóðsins hvað varðar ávöxtun og eignir. Aðrar breytingar nú í úttektinni taka mið af breytingum á reglum um endurmat og mati á rekstrarkostnaði.

Að teknu tilliti til þessara breytinga á forsendum þá versnar tryggingafræðileg staða nokkuð á milli ára. Sjóðurinn stendur í neikvæðri stöðu upp á -5,6%, þ.e. skuldbindingar eru umfram eignir. Staða sjóðsins á síðasta ári var jákvæð um 0,4% og staðan því innan þeirra marka sem áskilin eru í lögum.

Staðan hvað varðar áfallnar skuldbindingar eru nokkuð í jafnvægi en þó neikvæðar sem nemur -0,1%. Þess má geta að ef sömu forsendur hefðu gilt og síðast þá væri heildarstaða sjóðsins jákvæð um 3,9% og áfallin staða jákvæð um 8,7%.

Sömuleiðis má geta þess að miðað við breyttar forsendur þá er sjóðurinn að veita of mikil réttindi þegar til framtíðar er litið enda er áætluð framtíðar staða neikvæð um -11,3%. Það þarf því að grípa til breytinga á réttindatöflum til að ná jafnvægi á næstu árum.

Spurt var, breytið þið þá viðmiðuninni hvað varðar lágmarkstryggingaverndina í 20 ára? Já sagði Þróstur, í tillögu til breytinga á samþykktum kemur fram að gert sé ráð fyrir að lágmarkstryggingavernd miðist við að innborganir hefjist við 20 ára aldur.

Ekki komu fram fleiri spurningar eða umræður undir þessum lið.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Haraldur Yngvi Pétursson gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Haraldur fór yfir hlutfall hvers eignaflokks og breytingar á milli ára. Haraldur gerði grein fyrir vikiðörkum í hverjum eignaflokki fyrir sig. Fjárfestingastefnan er að auki aðgengileg á heimasíðu sjóðsins. Hann sagði að sjóðurinn hefur verið að auka áhættuna og þá með því að auka við eignir í erlendri mynt og þátttöku í sjóðum sem eru með áhættumeiri stefnu í fjárfestingum. Nauðsynlegt til að standa undir skuldbindingum um lífeyri til framtíðar. Af sem áður var og erfiðara að ná ásættanlegri ávöxtun. Eru og hafa verið miklar breytingar hjá lífeyrissjóðum hvað þetta varðar. Harðar sótt á erlenda markaði og höfum við verið að vinna samkvæmt þeirri stefnu um nokkurt skeið. Hækkað var hlutfall eigna í erlendri mynt í fjárfestingastefnu ársins, staðan í dag er um 25%, sem er 5% undir vigtað miðað við stefnu.

Ekki komu fram frekari spurningar.

5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins

Þróstur lagði fram og fór yfir hluthafastefnu sjóðsins og benti á að hana væri að finna á heimasíðu sjóðsins.

<http://lifrang.is/library/Skrar/Um-sjodinn/Stefnur-og-reglur/Hluthafastefna-feb2022.pdf>

6. Gerð grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins

Þróstur lagði fram og gerði grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins, starfskjarastefna á bara við um stjórn sjóðsins og fulltrúa í nefndum. Enginn starfsmaður er starfandi hjá sjóðnum sjálfum.

Engar athugasemdir voru gerðar við þennan lið.

Starfskjarastefnan er samþykkt af öllum fundarmönnum.

7. Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna, samkvæmt samþykktum

Stjórnarkjör, Þróstur fór yfir tilnefningar og kjör stjórnarmanna af hálfu aðildarféлага.

Af hálfu SA liggur fyrir skipan á fulltrúum í stjórn sjóðsins.

Margrét Jóna Ísólfisdóttir er skipuð sem aðalmaður í stjórn til tveggja ára eða til ársfundar 2024. Jafnframt er Drífa Hjartardóttir skipuð sem varamaður í stjórn til tveggja ára eða til ársfundar 2024. Fulltrúar atvinnurekenda á fundinum staðfesta þessa skipan.

Þess má geta að Guðmundur Svavarsson var skipaður sem aðalmaður í stjórn á síðasta ársfundi til tveggja ára eða til ársfundar 2023.

Af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands liggur fyrir tillaga um að Írena Sif Kjartansdóttir verði kjörin aðalfulltrúi í stjórn sjóðsins til ársfundar 2024. Ekki komu fram aðrar tillögur. Fulltrúar verkalýðsarmsins samþykktu þessa tillögu samhljóða. Pétur Magnússon var kjörinn varamaður í stjórn á síðasta ársfund og var kjörinn til ársfundar 2023.

Félag iðn- og tæknigreina tilnefni Heimi Hafsteinsson til áframhaldandi setu sem aðalmaður í stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga til næstu tveggja ára eða til ársfundar 2024. Ekki komu fram aðrar tillögur og fulltrúar verkalýðsarmsins samþykktu tillöguna samhljóða.

Launanefnd næsta starfsár.

Af hálfu SA er lagt til að Óskar Pálsson verði skipaður í launanefnd. Tillagan er samþykkt af hálfu fulltrúa SA á fundinum.

Af hálfu VlfS er lagt til að Guðrún Elín Pálsdóttir og Kristján Pálmason í launanefnd sjóðsins.

Tillaga er samþykkt af hálfu fulltrúa verkalýðsarmsins.

Fráfarandi stjórnarmanni Guðrúnu Elínu Pálsdóttur voru færðar miklar þakkir fyrir farsæl störf í þágu sjóðsins og nýr stjórnarmaður boðin velkomin til starfa.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Eftirfarandi breytingar á samþykktum eru lagðar til nú :

Tillögurnar voru staðfestar af fulltrúaráði á fundi þann 26. apríl 2022.

Rauðlitað er nýr texti.

Er :

19.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn

skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum. (Ákvæði lokamálsliðar þessarar greinar taki gildi þann 1. janúar 2007.)

Verður

- 19.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist frá upphafi ~~næsta~~þess mánaðar ~~eftir aðer~~ umsókn berst sjóðnum. (Ákvæði lokamálsliðar þessarar greinar taki gildi þann 1. janúar 2007.)

Er:

- 10.1. Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. Reiknigrundvöllur lífeyrissjóðsins er í viðauka B, sem telst hluti af samþykktum þessum. Þar eru tilgreindar tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins og hvernig áfallnar og heildarskuldbindingar sjóðsins skulu reiknaðar. Eins er tilgreint hvernig lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 11.-14. gr. og eru niðurstöðurnar birtar í réttindatöflum I til IV í viðauka A, sem einnig telst hluti af samþykktum þessum. Reikna skal nýjar töflur árlega á sama tíma og tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð. Gefi nýju réttindatöflurnar niðurstöðu sem breytir framtíðarskuldbindingum sjóðsins um meira en 1% þá skulu nýju töflurnar taka gildi frá og með næstu áramótum þaðan í frá, enda samþykki ársfundur tillögu þar um.

Verður

- 10.1. Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. ~~Reiknigrundvöllur lífeyrissjóðsins er í viðauka B, sem telst hluti af samþykktum þessum. Þar eru tilgreindar tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins og hvernig áfallnar og heildarskuldbindingar sjóðsins skulu reiknaðar. Eins er tilgreint hvernig~~ Lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 11.-14. gr. og eru niðurstöðurnar birtar í réttindatöflum I til IV í viðauka A, sem einnig telst hluti af samþykktum þessum. Reikna skal nýjar töflur árlega á sama tíma og tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð. Gefi nýju réttindatöflurnar niðurstöðu sem breytir framtíðarskuldbindingum sjóðsins um meira en 1% þá skulu nýju töflurnar taka gildi frá og með næstu áramótum þaðan í frá, enda samþykki ársfundur tillögu þar um.
Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 20 ára aldur.

Eins og komið hefur fram þá liggur fyrir að breyta þarf réttindatöflum til framtíðar í ljósi tryggingafræðilegu stöðunnar. Tryggingafræðingur sjóðsins Bjarni Guðmundsson hefur reiknað út nýjar töflur miðað við breyttar forsendur og stöðu sjóðsins. Töflur eru útfærðar þannig að þær miða við hvern árgang fyrir sig.

Spurt var hvort ávöxtun ársins hafi verið notuð til að milda þetta? Þróstur sagði að nýjar töflur taki mið af stöðu sjóðsins og góð ávöxtun síðustu ára hjálpi við að takast á við þessa forsendubreytingu sem er nú vegna aukinna lífslíkna. Það hafi því verið ákvörðun nú að leggja til breytingar strax. Réttindabreytingin hefur meiri áhrif hjá yngri sjóðfélögum, enda hafa þeir lengri tíma til að vinna upp réttindi. Þeir sem eldri eru verða ekki eins mikið varir við breytinguna nú. Liggur fyrir að einhverjir sjóðir ætla að bíða með breytingar fram á haust og sjá hvernig ráðuneytið og FME tekur í þessar breytingar sem ýmsir sjóðir eru að leggja til.

Ekki komu fram frekari spurningar varðandi tillögur um breytingu á samþykktum sjóðsins og á viðauka A í samþykktum.

Tillagan um breytingu á samþykktum og um nýjan viðauka A og þá breytingu á réttindatöflu er borin upp og samþykkt með megin þorra atkvæða, enginn greiddi atkvæði á móti.

9. Laun stjórnarmanna

Þróstur kynnti fyrirleggjandi tillögu frá launanefnd sjóðsins. Lagt er til að laun hækki um 8,1% fyrir næsta starfsár. Tillaga launanefndar um laun stjórnar LR, fyrir tímabilið júní 2022 til og með maí 2023, er því eins og kemur fram hér að neðan:

Laun stjórnarmanna

Almenn stjórnarlaun verði kr. **110.107** kr. á mánuði (hækkun um 8,1%).

Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. **137.634,-** á mánuði.

Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. **165.160,-** á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. **55.054,-** fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðann kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða

10. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álitni endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Jóhann Óskar Haraldsson, löggildur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði endurskoðandi sjóðsins árið 2022.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

Guðrún Elín tók til máls og fór stuttlega yfir stjórnarstörfín síðustu 8 árin. Um margt lærdómsríkt og fróðlegt. Þakkaði stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra fyrir samstarfið. Óskaði jafnframt nýkjörnum stjórnarmanni Írenu Sif til hamingju með kjörið og velfarnaðar á komandi árum.

Fundarstjóri þakkaði Guðrúnu fyrir sitt framlag til stjórnar sjóðsins og gott samstarf í gegnum tíðina. Fundarmenn tóku undir með lófaklappi.

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður einnig birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:35.

Fundarstjóri: Þróstur Sigurðsson

Fundarritari: Unnur Elín Jónsdóttir